



UMHVERFIS
STOFNUN

Dyrfjöll og Stóruurð

Stjórnunar- og verndaráætlun

DRÖG TIL KYNNINGAR

Múlaping – Landslagsverndarsvæði og náttúruvætti - 2024






UMHVERFIS
STOFNUN

Heiti skýrslu Stjórnunar- og verndaráætlun - Dyrfjöll og Stóruð
Útgáfunúmer UST-2024:xx
Mánuður, ár Janúar, 2024
Ritstjórar Davíð Örvar Hansson og Lára Björnsdóttir
Útgefandi Umhverfisstofnun
Forsíðumynd Hafþór Snjólfur Helgason
Aðrar myndir Aðalbjörg Sigmarsdóttir o.fl.

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
591 2000
ust@ust.is
ust.is



UMHVERFIS
STOFNUN



Leiðarljós samstarfshóps
var að náttúrufar og lífríki
við Dyrfjöll og Stóruð fáir
að þróast á eigin
forsendum á sama tíma og
ólíkir hópar geti upplifað
svæðið í sátt við náttúru
og hver annan.



UMHVERFIS
STOFNUN

1

UMGJÖRÐ

Um áætlunina
Dýrfjöll og Stórurð
Kort af svæðinu
Verndargildi og verndarflokkur
Eignarhald og umsjón
Stjórnsýsla
Skipulagsáætlanir
Áskoranir og tækifæri
Alþjóðlegar skuldbindingar
Loftslagsþáttur

2

STAÐA, STEFNA OG LEIÐIR

Staða, stefna og leiðir
Áfangastaðir
Ástandsmat
Samstarfshópur og samráð
Skipulag
Aðkomuleiðir og áhrifasvæði
Aðgengi fyrir alla
Námur
Skilti
Úrgangur
Gönguleiðir og áningastaðir
Hjólaleiðir
Reiðleiðir
Jarðminjar
Landslag
Gróður, vistgerðir og jarðvegur

Ágengar framandi lífverur
Dýralíf
Vatnshlot
Menningarminjar
Landbúnaður
Ferðaþjónusta og útivist
Veiðar
Landvarsla og fræðsla
Sjálfbóðaliðar í náttúruvernd
Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun
Mönnuð og fjarstýrð loftför
Uppbygging innviða
Öryggismál
Rannsóknir og vöktun
Heimildaskrá

3

SÉRREGLUR

Um áætlunina

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæði Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð er fjallað um stöðu svæðisins m.v. umhverfi og stjórnsýslu ásamt því sem lögð er fram stefna um hvernig verndargildi verður viðhaldið fyrir komandi kynslóðir í samstarfi við hagsmunaaðila og njótendur.

Umhverfisstofnun fer með umsjón svæðisins í samráði við landeigendur, sveitarfélag og aðra hagsmunaaðila er láta sig svæðið varða.

Stjórnunar- og verndaráætlunin var unnin í samráði við hagsmunaaðila sem skilgreindir eru í 81. gr. laga nr. [60/2013](#) um náttúruvernd, þ.e. landeigendur, [Náttúrufræðistofnun Íslands](#), viðkomandi sveitarstjórnir og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðilar. Skipaður var samstarfshópur Umhverfisstofnunar, landeigenda og fulltrúa sveitarfélags en aðrir hagsmunaaðilar fengu sendar upplýsingar um upphaf vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.

Samráð byggði á hagsmunaaðilagreiningu sem unnin var af samstarfshópi. Samstarfshóp vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar landslagsverndarsvæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð skipuðu fulltrúar landeigenda Hrafnabjarga, Sandbrekku, Unaóss-Heyskála, heimastjórnar Borgarfjarðar og Fljótsdalshéraðs ásamt fulltrúum Umhverfisstofnunar.



Dyrfjöll og Stóruð

Svæðið var friðlýst 2. júlí 2021 sem landslagsverndarsvæði og Stóruð sem náttúruvætti. Svæðaskipting kemur fram á korti en mismunandi reglur gilda innan þeirra.

Svæðin eru:

- Landslagsverndarsvæðið
- Náttúruvættið Stóruð
- Afmarkað svæði á Hrafnabjörgum

Í náttúruvættinu Stóruð eru veiðar óheimilar, þar eru framkvæmdir óheimilar að undanskildum framkvæmdum í þágu aðgengis göngufólks. Þar er notkun vélknúina farartækja jafnframt óheimil nema að snjóþekja sé traust, jörð frosin og augljóslega ekki hættu á náttúruspjöllum, umferð hjólandi og ríðandi er óheimil og notkun fjarstýrðra loftfara háð leyfi Umhverfisstofnunar nema vegna leitar- og björgunarstarfa.


Á afmörkuðu svæði við Hrafnabjörg eru framkvæmdir heimilar án leyfis Umhverfisstofnunar skv. deiliskipulagi frá 5. desember 2012 auk þess sem akstur innan svæðisins er heimill svo fremi að ekki hljótist af náttúruspjöll og vegna þjónustu við hús á svæðinu.

Landslagsverndarsvæðið markast í suðri af landamerkjum Hrafnabjarga við Bjarglandsárós og yfir í Jökulsá og fylgja henni upp að Lambamúla í Sandbrekkulandi og þaðan allt upp á fjallseggjar Fremra-Dyrfjalls. Að austan ráða gömlu hreppamörkin milli Borgarfjarðarhrepps og Hjaltastaðapinghár sem þræða fjallseggjar frá Dyrfjöllum allt til sjávar við Gripdeild. Þaðan er dregin lína utan við Svertlinga upp á Héraðssand og þá fylgt landamerkjum Unaóss og Heyskála upp í Selfljót nálægt Bjarglandsárósi.

Kort af hinu friðlýsta svæði má sjá [hér](#).

Ítarlegri upplýsingar og fróðleik um friðlýsta svæðið má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.





 <p>UMHVERFIS STOFNUN http://www.ust.is</p>	<p>Landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð</p>	 Mörk landslagsverndarsvæðis	<p>Flatarmál: 55 km²</p>
		 Náttúruvætti	<p>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun</p>
		 Svæði á Hrafnabjörgum	<p>Hnattstaða: ISN93</p>
		 Sveitarfélagamörk	<p>Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ</p>
			<p>Dags: 13.04.2021</p>
			<p>© Landmælingar Íslands</p>



Verndargildi og verndarflokkur

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita sérstæðar jarðminjar og landslag sem er einstakt á landsvísu vegna fagurfræðilegs gildis. Þá er jafnframt markmið friðlýsingarinnar að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni með verndun vistkerfa, þ.m.t. mikilvægt fuglasvæði norðan Selfljóts, og stýringu umferðar um svæðið. Friðlýsingin skal stuðla að því að nýting svæðisins fari fram með þeim hætti að ekki sé gengið á gæði landsins.

Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum, landslagsheild, lífríki og ásýnd svæðisins verði ekki spillt og einkenni þess og sérkenni varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á landsvísu og skipar mikilvægan sess í vitund þjóðar. Hið verndaða svæði er varðveitt til náttúruupplifunar fyrir almenning og er kappkostað að innviðir geri sem flestum fært að njóta svæðisins án þess að skerða náttúruverðmæti og/eða upplifun annarra hópa.

Umhverfi og ásýnd Stóruðar verður vernduð og þess gætt að innviðir muni ekki skerða náttúruupplifun gesta. Friðlýsta svæðið hefur hátt vísindalegt gildi sem verndað verður til framtíðar svo vísindamenn geti rannsakað náttúruminjar svæðisins.

IUCN

Samkvæmt [skilgreiningu](#) Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN fellur landslagsverndarsvæðið í flokk V.

Friðlýsingar í þessum flokki miða m.a. að því að vernda og viðhalda mikilvægu landslagi, náttúru þess og menningarlegum gildum. Að bjóða upp á möguleika á ánægjulegri upplifun, lýðheilsu, félagslega- og efnahagslega starfsemi í gegnum útivist og ferðapjónustu. Náttúruvætti eru í flokki III en svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar á borð við fossa, elstöðvar og dranga ásamt líffræðilegum fjölbreytileika og búsvæðum tengdum þeim. Þetta eru jafnan tiltölulega lítil svæði sem reiða sig oft á stærri svæði til að geta þrífist. Svæði í flokki III hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.



Eignarhald og umsjón

Svæðið er innan eftirtalinna jarða í sveitarfélaginu Múlaþingi:

- Hrafnabjörg
- Sandbrekka
- Unaós-Heyskálar

Landeigendur unnu að friðlýsingu og gerð stjórnunar- og verndaráætlunar í samstarfi við Umhverfisstofnun. Ferli friðlýsingar var unnið í samstarfi við sveitarfélagið Fljótsdalshérað, sem síðar sameinaðist fleiri sveitarfélögum í Múlaþing.

Umhverfisstofnun fer með umsjón svæðisins í samráði við landeigendur, sveitarfélag og aðra hagsmunaaðila er láta sig svæðið varða.



Stjórnsýsla

Landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð var friðlýst með auglýsingu nr. 850/2021, auglýsinguna er að finna [hér](#). Almenn gilda reglur landslagverndarsvæðisins en að auki gilda ákveðnar reglur innan náttúruvættis og á svæði við Hrafnabjörg. Nánari upplýsingar um svæðaskiptingu er að finna í friðlýsingu.

Íslensk lög sem hafa jafnframt þýðingu fyrir fólkvanginn og stefnumótun hans eru [lög um náttúruvernd nr. 60/2013](#), lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. [64/1994](#), auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. [1385/2021](#), lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. [88/2018](#) og skipulagslög nr. [123/2010](#).

Í vatnaáætlun sem byggð er á lögum um stjórn vatnamála nr. [36/2011](#) eru sett fram umhverfismarkmið fyrir vatnshlot en samkvæmt markmiði laganna skulu vatnshlot vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi. Innan friðlýsta svæðisins rennur straumvatnið Selfljót 1, sem hefur vatnshlotanúmerið 102-1083-R. Vatnshlottið Selfljót 1 fellur undir áður nefnd umhverfismarkmið.

Minjastofnun Íslands fer með umsjón og stjórnsýslu menningarminja, fornleifa- og byggingararfs, í samræmi við lög nr. [80/2012](#) um menningarminjar.



Skipulagsáætlanir

Í gildi eru skipulagsáætlanir sem hafa áhrif á stjórnun, verndun og nýtingu landslagsverndarsvæðisins. Mikilvægt er að samræmi sé á milli skipulagsáætlana og stjórnunar- og verndaráætlunar.

Múlaþing varð til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga árið 2020, það voru Borgarfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur Fljótsdalshérað og Seyðisfjarðarkaupstaður. Friðlýsta svæðið var alfarið innan Fljótsdalshéraðs og náði að mörkum Borgarfjarðarhrepps. Endurskoðun aðalskipulags fyrir sameinað sveitarfélag hófst sumarið 2023.

Innan landslagverndarsvæðisins er eitt deiliskipulag í gildi við Hrafnabjörg en skipulagið var samþykkt árið 2012. Markmið skipulagsins er að varðveita náttúrugæði jarðarinnar, koma í veg fyrir röskun á votlendi og landslagi og gera það mögulegt að eigendur geti byggt upp- og viðhaldið innviðum á landareign sinni.

Áskoranir og tækifæri

Svæðið er víðfeðmt og fjölbreytt með fáförnum svæðum í bland við fjölsótt göngusvæði. Erfiðlega hefur gengið að viðhalda göngustígum að- og innan náttúruvættisins Stóruðar. Vart hefur orðið við gróðurskemmdir á og við göngustíga, sérstaklega í bleytutíð.

Á gönguleið að Stapavík er gengið í gegnum skúmsvarp. Skúmur er fuglategund á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands [1] frá 2018 sem tegund í bráðri hættu vegna fækkunar. Með aukinni umferð fólks gæti hættu steðjað að skúmsvarpinu í landi Unaóss-Heyskála.

Landselir leita í Selfljót eftir æti en laxfiskar ganga í fljótið. Þar skarast hagsmunir veiðifélags Selfljóts þar sem vilji er til að fækka sel- og hagsmunir náttúruverndar en landselir eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir spendýr sem tegund í hættu[2].

Uppbygging og stýring innan svæðisins verður í þágu náttúruverndar og gerir fólki kleift á að njóta svæðisins í sátt við náttúrufar og lífríki.

Veiðifélag Selfljóts mun nýta heimildir sínar til þess að fæla sel úr fljótinu þegar nauðsyn krefur í samræmi við 11. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og reglugerð 1100/2019 um bann við selveiðum. Leitast verður við að nýta aðferðir sem ekki skaða dýrin sé því við komið.



Alþjóðlegar skuldbindingar

Íslenska ríkið hefur undirgengist skuldbindingar á alþjóðlegum vettvangi m.a. á sviði náttúruverndar. Hér verður fjallað um þá samninga sem eiga við um landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð en nánari upplýsingar um alþjóðlega samninga á sviði náttúruverndar er að finna á [heimasíðu Umhverfisstofnunar](#).

- Samningur SP um líffræðilega fjölbreytni
- Bernar-samningurinn
- Árósasamningurinn
- Landslagsverndarsamningur Evrópu

Innan svæðisins er fjölbreytt náttúrufar sé mið tekið af [vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar](#)[3], þar eru m.a. mikilvæg fuglasvæði, votlendi, leirur og fjölbreytt gróðurlendi með birkikjarri, fjalldrapa- og lyngmóavist svo eitthvað sé nefnt.

Með vernd svæðisins er lögð áhersla á vernd þeirrar flóru og fínu sem þar er sem er mikilvægt framlag Íslands til verndunar líffræðilegri fjölbreytni, um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern) ásamt því sem lögð er sérstök áhersla á vernd landslags innan landslagsverndarsvæðisins.

Árósasamningurinn er svo meginstef allrar ákvarðanatöku í náttúruvernd s.s. við friðlýsingar og stjórnunar- og verndaráætlunargerð en samningurinn fjallar um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum, þátttöku í ákvarðanatöku stjórnvalda og aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Loftslagsþáttur

Heilbrigð vistkerfi geta vegið upp á móti þeim áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa og eru friðlýst svæði þessvegna talin mikilvæg aðgerð í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Friðlýst svæði skipta mörg hver miklu máli þegar kemur að vistkerfisþjónustu en vistkerfisþjónusta er mannkyni mikilvæg en hugtakið fjallar um það hvernig virkni vistkerfa skapar mannfólki „þjónustu“ og lífsgrundvöll t.d. með hreinsun vatns og lofts, með sköpun verðmæta í náttúruauðlindum o.s.frv. Vistgerðir skapa ólíka vistkerfisþjónustu, t.a.m. eru ákveðnar vistgerðir þekktar fyrir kolefnisbindingu á meðan aðrar hreinsa vatn og aðrar standa gegn náttúruvá.

Í skýrslu stjórnarráðsins frá 2019 um Bætta landnýtingu í þágu loftslagsmála er skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis nefnd sem þættir sem binda kolefni en þeir þættir endurspegla þær vistgerðir sem þekktar eru fyrir að binda kolefni, þ.e. gróður- og skóglendi og votlendi. Ásamt votlendi inn til landsins binda leirur við sjó mikið kolefni.


Tengsl við loftslagsþætti

Innan hins friðlýsta svæðis finnast vistgerðir þar sem vernd skiptir miklu máli m.t.t. kolefnisbindingar. Upp eftir ósasvæði Selfljóts eru skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands leirur, en auk þeirra er allnokkuð lítt raskað votlendi innan friðlýsta svæðisins, mest á Héraðssandi en einnig í Krossfjalli.



2.

Staða, stefna og leiðir



2. Staða, stefna og leiðir

Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum.

Kaflinn markar sameiginlega stefnu Umhverfisstofnunar, sveitarfélagsins og landeigenda um hvernig staðið verður að vernd svæðisins og með hvaða hætti hlúð verður að verndargildi.

Í kaflanum er fyrst fjallað um stöðuna á ritunartíma stjórnunar- og verndaráætlunar sem svo er fylgt eftir með stefnu og nauðsynlegum aðgerðum, þegar það á við, til að viðhalda vernd og verndarmarkmiðum.

Umhverfisstofnun er ábyrg fyrir að framfylgja stefnunni nema að annað sé tekið fram.





Áfangastaðir

Áfangastaðir á friðlýstum svæðum eru staðir sem hafa aðdráttarafl fyrir þá sem leita að upplifun á friðlýstum svæðum.

Áfangastaðir ná yfir staði upplifunar, gönguleiðir og aðkomusvæði t.d. bílastæði eftir því sem við á.

Áfangastaðir krefjast sérstakrar athygli í rekstri náttúruverndarsvæða en að þeim beinist fjármagn til uppbyggingar, þar er sérstök áhersla á landvörslu og þar er sérstaklega unnið ástandsmat til að meta hvort svæðin verði fyrir álagi eða tjóni vegna ágangs manna.

Innan landslagsverndarsvæðis norðan Dyrfjalla eru þrjú áfangastaðir, þ.m.t. er náttúruvættið Stóruð. Eftirtalin svæði teljast til áfangastaða.

- Stapavík og gönguleið að henni.
- Stóruð og gönguleiðir að henni.
- Útsýnisstaður á Vatnsskarði með útsýni yfir Úthérað.

Aðkoma að Stapavík er um bílastæði við Unaós. Gönguleið liggur að Stapavík en aðrir innviðir eru ekki til staðar.


Nokkrar aðkomuleiðir eru að Stóruð en aðalbílastæði er á háskarði Vatnsskarðs, rétt utan friðlýsta svæðisins, þar sem Vegagerðin hefur byggt upp stæði. Lítt uppbyggðar gönguleiðir liggja að- og um Stóruð.

Við útsýnisstað á Vatnsskarði er gott bílastæði, upplýsingaskilti og þurrsalerni.

Stefna

Uppbygging á áfangastöðum verður skipulögð og fjármögnuð til að anna þeirri umferð sem talin er æskileg á svæðinu.

Uppbygging skal falla vel að umhverfinu og ekki verða umfangsmeiri en þörf krefur. Áhersla landvörslu beinist að áfangastöðum og stýringu umferðar um svæðið svo uppbygging geti verið hófleg án þess að umferð valdi tjóni á náttúrufari.



Ástandsmat

Árlega skal vinna ástandsmat fyrir áfangastaði og gönguleiðir á friðlýsta svæðinu til að meta ástand náttúru og innviða. Ástandsmat er gert á áfangastöðum ferðamanna sem eru Stapavík, Stóruð og útsýnisstaður á Vatnsskarði. Stöðum þar sem ástandsmat fer fram verður fjölgað eða fækkað eftir því sem tilefni er til.

Árlegar aðgerðir:

- **Ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.**

Samstarfshópur og samráð

Í friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið kemur fram að samstarfshópur um málefni verndarsvæðisins skuli funda eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Hlutverk hópsins er að samræma starfsemi stofnana á svæðinu og stuðla að því að verndargildi svæðisins haldist. Þá á hópurinn einnig að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir verndarsvæðið, samvinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum á henni og önnur stefnumótandi mál er varða verndarsvæðið.

Stefna

Stefnt skal að því eins og kostur er að sátt verði um stjórnun og verndun landslagsverndarsvæðisins norðan Dyrfjalla og að hagsmunaaðilar standi saman að verndun svæðisins.

Til þess að ná fram markmiðum verndunar svæðisins skal Umhverfisstofnun stuðla að sem víðtækustu samráði og gera samráðsáætlun.

Árlegar aðgerðir

- **Fundur samstarfshóps um málefni verndarsvæðisins.**

Skipulag

Allar framkvæmdir, þ.m.t. framkvæmdir í samræmi við skipulagsáætlanir innan landslagsverndarsvæðisins norðan Dyrfjalla eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og er því mikilvægt að samræmi sé á milli skipulagsáætlana og stjórnunar- og verndaráætlunar. Framkvæmdir sem þegar hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun eru skilgreindar í friðlýsingu svæðisins (auglýsing nr. 850/2021) eru eftirfarandi:

- Heimilt er að halda við mannvirkjum Vegagerðarinnar innan veghelgunarsvæðis og göngubrúum, sem þegar eru í notkun, svo fremi að viðhald hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sbr. 12. gr. friðlýsingar.
- Gert er ráð fyrir áframhaldandi landbúnaði á Unaósi-Heyskálum. Ábúendum er heimilt að fara í nýrækt á jörðinni að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og eftir atvikum aðrar stofnanir um staðsetningu slíkrar nýræktar sbr. 12. gr. friðlýsingar.
- Efnistaka landeigenda og Vegagerðarinnar til eigin nota sbr. 12. gr. friðlýsingar og er í samræmi við kafla um námur.
- Framkvæmdir og mannvirkjagerð á deiliskipulögðu svæði innan jarðarinnar Hrafnabjarga eru heimil í samræmi við samþykkt deiliskipulag frá 5. desember 2012 sbr. 12. gr. friðlýsingar.

Viðhald húsa sem þegar standa innan friðlýsta svæðisins, sem eru í samræmi við gildandi skipulag og fyrirliggjandi teikningar er heimilt án leyfis Umhverfisstofnunar í samræmi við kafla um innviði og mannvirki.

Viðhald húsnæðis sem er innan svæðisins er heimilt. Endurbygging húsa að hluta eða í heild er heimil án leyfis Umhverfisstofnunar enda er í þeim tilfellum húsnæði endurbyggt í sömu mynd og áður, enda hefur breytingin ekki áhrif á verndargildi. Hækkun húsa, viðbyggingar og nýbyggingar eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Stefna

Við leyfisveitingar skal taka mið af því að innviðir sem reisa á innan svæðisins falli sem best að svipmóti lands.

Athugið að allar framkvæmdir eru jafnframt háðar skipulagslögum og geta þannig verið háðar leyfi sveitarfélagsins, sem fer með skipulagsvald á svæðinu.



Aðkomuleiðir og áhrifasvæði

Aðkoma að svæðinu er um Borgarfjarðarveg númer 94 og er á forræði Vegagerðarinnar. Vegurinn liggur frá Seyðisfjarðarvegi, í gegnum landslagsverndarsvæðið og í Borgarfjörð eystri[4].

Við veginn eru bílastæði við upphaf gönguleiða að Stapavík til norðurs og Stóruð til suðurs.

Vegagerðinni er heimilt viðhald innviða innan veghelgunarsvæðis án leyfis Umhverfisstofnunar. Vegna breytinga á núverandi veglínu sem fela í sér jarðrask eða breytingu á veghelgunarsvæði þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Stefna

Bílastæði við gönguleið í Stapavík verður viðhaldið í samráði við landeigendur. Bílastæði á háskarðinu, við salernishús og austan við Vatnsskarðsvatn verða aðalaðkomuleiðir að gönguleiðum að Stóruð, innan friðlýstsa svæðisins.

Aðgengi fyrir alla

Aðgengi er takmarkað innan svæðisins utan akvega og bílastæða. Salernisaðstaða er á Vatnsskarði, þar eru þurrsalerni en aðgengi fyrir alla er takmarkað.

Gönguleiðir innan svæðisins eru langar en að Stapavík frá Unaósi eru um 5 km. en að Stóruð frá Vatnsskarði eru um 7 km.

Stefna

Með aukinni uppbyggingu gönguleiða að Stapavík og Stóruð er ekki gert ráð fyrir að stígar verði lagðir bundnu slitlagi. Áætlanir gera þó ráð fyrir að lagður verði stígur að Stóruð sem verður malarborinn og um 120 cm. breiður og því fær sérútbúnum hjólastólum með aðstoð.



Námur

Landeigendur Hrafnabjarga eiga námu til eigin nota við Knarrará.

Vegagerðin hefur heimild til efnistöku á þegar röskuðu landi, að höfðu samráði við UST og með leyfi landeigenda.

Réttur efnistöku ábúenda á Unaósi er í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. [123/2010](#).

Stefna

Vegagerðin gerir áætlun um efnisþörf vegna viðhalds í framtíðinni og afmarkar efnistökuastaði í samræmi við friðlýsingu svæðisins.

Skilti

Upplýsinga- og fræðsluskilti eru á útsýnisstað á Vatnsskarði. Mikilvægt er að vinna að því að fjölga skiltum á svæðinu en skilti eru mikilvæg til upplýsingagjafar og fræðslu.

Stefna

Skilti skulu almennt vera í samræmi við Vegrúnu, sjá Vegrún - merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum. Samstarf verði við Minjastofnun um upplýsingagjöf og skiltagerð í nágrenni friðlýstra menningarminja á svæðinu.

Árlegar aðgerðir

- *Sett verði upp leiðbeiningarskilti eftir þörfum.*



Úrgangur

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan friðlýsta svæðisins. Gestir skulu því fjarlægja allan úrgang sem þeir bera inn á svæðið og koma í viðeigandi móttöku. Um úrgang frá heimilum og rekstraraðilum innan svæðisins fer skv. reglum sveitarfélagsins.

Stefna

Gestir svæðisins og ferðapjónustufyrirtæki skulu hvött til að draga úr úrgangi sem til fellur með því að nota ekki einnota umbúðir og taka úrgang með út af svæðinu og koma honum í viðeigandi meðhöndlum.



Gönguleiðir og áningastaðir

Landslagsverndarsvæðið er mörgum kunnugt og sækja fjölmargir gestir svæðið heim á ári hverju. Með vaxandi fjölda ferðamanna hefur álag á gönguleiðir aukist verulega en gönguleiðirnar eru sjálfsprottnar og hefur lítil uppbygging átt sér stað. Margar leiðirnar hafa þó verið stikaðar og göngubrúum komið fyrir. Eftirtaldar gönguleiðir eru innan- eða tengjast inn á landslagsverndarsvæðið.

Tvö númerakerfi eru í notkun á kortum fyrir svæðið. Eitt númerakerfi er á korti Ferðamálahóps Borgarfjarðar og annað kerfi á skilti sem stendur á útsýnisplani á Vatnsskarði. Við framsetningu upplýsinga; t.d. við skiltagerð verður að sammælast um númerakerfi, að höfðu samráði við samstarfshóp landslagsverndarsvæðisins og aðra sem málið varðar.

- Frá Unósi að Stapavík. Leiðin er 4,6 km.
- Frá Stapavík að Njarðvík um Gönguskarð (Grannsvæði að hluta). Gömul reiðleið, 6,5 km.
- Vatnsskarð - Stóruð, „neðri leið Héraðsmegin“, 7,1 km. um viðkvæmt mýrlendi.
- Vatnsskarð - Stóruð, „efri leið af háskarðinu“. Leiðin á upphaf á sitthvoru bílastæðinu en sameinast í eina gönguleið sem er aðalleiðin að Stóruð, 7,5 km.
- Njarðvík – Stóruð (Grannsvæði) Leiðin er stysta leiðin að Stóruð en liggur að mestu utan friðlýsta svæðisins, 5 km. Bílastæði er sjálfsprottið og leiðin nokkuð brött.
- Hólaland – Stóruð um Sandaskörð (Grannsvæði). Löng leið með upphaf í Borgarfirði, 12 km.
- Hringleiðir í Stóruð.



Stefna

Gönguleiðir innan Stóruðar verði byggðar upp eingöngu fyrir gangandi umferð. Notast skal við náttúruleg efni sem skera sig ekki um of úr landslagi svæðisins. Stígar verði að hámarki 80 cm breiðir.

Leið á háskarðinu frá Vatnsskarði að Stóruð verði byggð upp sem blönduð hjóla- og gönguleið en jafnframt með það að markmiði að þjóna sem leið viðbragðsaðila á léttum torfærutækjum í neyðartilfellum til þess að bæta möguleika til leitar og björgunar í Stóruð. Leiðin skal malarborin og vera að lágmarki 120 cm á breidd eða að hámarki 150 cm á breidd.

Á Mjóadalsvarpi verði gerð aðstaða til þess að geyma reiðhjól auk þess sem möguleiki þarf að vera á að leggja- og snúa við tækjum viðbragðsaðila. Stefnan er í samræmi við stefnu í öryggismálum í stjórnunar- og verndaráætlun þessari.

Leið Héraðsmegin, ofan Unaóss, er skilgreind sem viðkvæm leið. Uppbyggingu verður stillt í hóf og leiðinni lokað þegar þörf er á.

Leið frá Unaósi að Stapavík, sem er gamall akvegur fyrir jeppa, skal viðhaldið í sem náttúrulegustu ástandi. Leiðin verður blönduð reiðhjóla- og gönguleið og skal stikuð og lagfærð ef þörf krefur. Jafnframt er leiðin reiðleið samkvæmt skipulagi sveitarfélagsins. Merkja skal við upphaf leiðarinnar að um blandaða notkun er að ræða, þ.e. göngu-, hjóla- og reiðleið.

Tryggja skal aðgengi viðbragðsaðila að Stapavík í samræmi við stefnu um öryggismál í stjórnunar- og verndaráætlun þessari.

Leiðum 7, 10, 13 og 14, skv. korti ferðamálahóps Borgarfjarðar, á áhrifasvæði hins friðlýsta svæðis eru stikaðar. Ástand þeirra verði metið og brugðist við álagi og skemmdum með viðeigandi viðhaldi.

Árlegar aðgerðir

- Stikuðum gönguleiðum skal vel við haldið og þær yfirfarnar.
- Merkingum við gönguleiðir verði við haldið.
- Áætlun um uppbyggingu og uppbygging gönguleiða í samræmi við stefnu.



Hjólaleiðir

Ólíkar reglur gilda um umferð hjólandi innan landslagsverndarsvæðisins og náttúruvættisins Stóruður.

Innan landslagsverndarsvæðisins eru hjólreiðar heimilar á vegum í samræmi við almennar reglur þar um, á göngustígum sem skilgreindir hafa verið fyrir blandaða umferð og á sérstökum hjólreiðastígum.

Innan náttúruvættisins Stóruður er óheimilt að fara um hjólandi en hjólreiðamönnum er heimilt, ef þörf krefur og för er heitið í gegnum náttúruvættið, að teyma hjól sitt.

Kort með skilgreindum hjóla- og gönguleiðum má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Á gönguleiðum hefur fótgangandi umferð ávallt forgang samkvæmt umferðalögum nr. 77/2019.

Stígar sem ætlaðir eru til blandaðrar umferðar hjólandi og gangandi eru:

- Leið frá Unaósi að Stapavík er blönduð leið, þ.e. göngu-, hjóla- og reiðleið.
- Leið frá Stapavík að Njarðvík er að hluta utan friðlýsta svæðisins en er skilgreind sem göngu-, hjóla- og reiðleið.

Stefna


Leið frá efsta hluta Vatnsskarðs að Stóruður verður byggð upp og skilgreind sem blönduð reiðhjóla- og gönguleið.

Hjólreiðastígar og stígar fyrir blandaða umferð skulu sérstaklega auðkenndir og kynntir. Vanda skal merkingar þar sem umferð hjólandi og umferð gangandi mætast eða þar sem áhætta er til staðar s.s. á blindhæðum.

Metin verður þörf og mögulegar staðsetningar fyrir reiðhjólaleiðir á svæðinu í samráði við landeigendur og hjólreiðafólk.

Árlegar aðgerðir

- **Merkja- og viðhalda merkingum við upphaf leiða þar sem hjólreiðar eru leyfðar með viðeigandi táknmynd.**



Reiðleiðir

Reiðleiðir liggja um svæðið og eru þær skilgreindar í aðalskipulagi svæðisins og ber hestamönnum að fylgja reiðleiðum eða vegum á ferðum sínum um svæðið, þó er notkun hrossa við smölun heimil.

Þess skal ætíð gætt að umferð hrossa valdi ekki tjóni á náttúrufari friðlýsta svæðisins.

Öll umferð ríðandi er óheimil innan náttúruvættisins Stóruður.

Í samræmi við 14. gr. friðlýsingar, auglýsing nr. 850/2021, er lausaganga hrossa óheimil innan friðlýsta svæðisins. Er þar átt við lausabeit hrossa.

Stefna

Skipulagðar reiðleiðir skulu merktar með viðeigandi hætti.

Árlegar aðgerðir

- *Merkja- og viðhalda merkingum við upphaf reiðleiða með viðeigandi táknmynd.*

Jarðminjar

Landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla nær frá Héraðssandi upp í fjalllendið ofan Hérðasflóa. Þar eru fjörusandar, gróskumiklar heiðar og mikilúðlegir fjallatindar. Svæðið á sess í vitund þjóðarinnar en þar eru Dyrfjöll og Stóruð einna kunnust.

Friðlýsta svæðið er hluti af þyrpingu eldstöðva sem teljast meðal þeirra elstu á Austfjörðum, um 12 - 13,5 milljón ára gamlar.

Svæðið hýsir tvær eldstöðvar, Njarðvíkureldstöðina sem er með gíg í Grjótfjalli og Dyrfjallaeldstöðina sem er með öskjugíg í Dyrfjöllum.


Í Dyrfjöllum má sjá þykkt móbergslag sem myndaðist við gos undir vatni og afmarkar útlínur öskjunnar. Njarðvíkureldstöðin er aðeins eldri en Dyrfjallaeldstöðin en í báðum varð sprengigös með tilheyrandi flikrubergrmyndun, nálægt lokum líftíma þessara eldstöðva. Í flikrubergrinu finnast steingerðar gróðurleifar og í Grjótfjalli finnast stærstu baggalútar sem vitað er um á Íslandi. Dyrnar eru taldar hafa myndast í berghlaupi/grjóthruni þar sem hraun- og móbergsbjörg hrundu yfir jökulinn og voru síðan borin með honum langa leið. Urðir beggja vegna við dyrnar bera ummerki þess, svo sem hin fræga Stóruð [5].

Úr Stóruð er mikilfenglegt útsýni, meðal annars á dyrnar í Dyrfjöllum sem er stórbrotin sjón.

Rask jarðminja er óheimilt skv. 9. gr. friðlýsingar.

Stefna

Verndargildi jarðminja skipar stóran sess í varðveislu svæðisins. Mikilvægt er að hlúa að vernd jarðminja í stjórnun svæðisins svo framkvæmdir og ágangur manna rýri hvorki verndargildi né ásýnd svæðisins. Mikilvægt er að vernda steingervinga svæðisins frá því að vera numdir á brott, m.a. með upplýsingum um gildandi reglur.



Landslag

Friðlýsta svæðið er í norðurbrekkum Dyrfjalla og fjallgarðinum til sjávar við Stapavík ásamt því sem það teygir sig niður á Héraðssand. Landslag svæðisins er fjölbreytilegt; með snarbröttum klettum fremra og ytra Dyrfjalls, stórgrýttum en grónum grundum Urðardals og Stóruurðar með tjörnum, mýrum og smálækjum sínum. Í fjallshlíðum er víðast vel gróið heiðarland með fjölbreyttu dýralífi og útsýni út á Héraðssand, til sjávar ásamt því sem víðsýnt er yfir héraðið. Mót hafi er klettótt strönd niður að Selfljóti en handan fljótsins tekur sandströnd Héraðssands við. Á Héraðssandi og upp með Selfljóti að norðanverðu eru sandar, sendið mólendi og tjarnir en landið fóstrar fjölskrúðugt fuglalíf. Austan Selfljóts undir Bjargi í svonefndum Urðum ganga margar snasir og höfðar fram í fljótið en á milli þeirra eru klettabásar og smávíkur.

Stefna

Í stefnumótun og allri uppbyggingu innan svæðisins er tekið mið af því að vernda landslag þess og einkenni ásamt fagurfræðilegu og menningarlegu gildi. Öll uppbygging skal taka mið af því að falla vel að svipmóti lands, að undirstrika gildi svæðisins og vernda eða hlúa að dýralífi þess.

Gróður, vistgerðir og jarðvegur

Ýmsan sérstakan gróður er að finna á svæðinu, til að mynda mosann dökklepp sem er sjaldgæf tegund, fléttuna geislabíkar sem skráð er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (1996) og æðplöntutegundirnar lyngbúa, súrsmæru og línarfa sem allar eru friðaðar og skráðar á valista sem tegundir í nokkurri hættu.

Nokkrar vistgerðir eru á svæðinu sem hafa hátt verndargildi og flokkast sem forgangsvistgerðir. Á sléttunni norðan Selfljóts er að finna runnamýravist og starungsmýravist auk gulstararflóavistar. Þá er að finna kjarrskógavist og lyngskógavist innan landslagsverndarsvæðisins, báðar forgangsvistgerðir með hátt verndargildi. Þá er auk þess að finna ferskvatnsvistgerðina kransþörungavötn og fjöruvistgerðina hrúðurkarlafjörur en þær eru á lista Bernarsamningsins. Þar eru einnig leirulón sem er sjaldgæf vistgerð á svæðinu [3].

Óheimilt er að raska spilla gróðri í samræmi við 10. gr. friðlýsingar.

Ágengar framandi lífverur

Framandi ágengar lífverur eru tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið fluttar inn til landsins, hafa aðlagast íslenskum aðstæðum og fjölga sér ásamt því að taka undir sig vistkerfi með áhrifum á það lífríki sem fyrir er. Innan landslagsverndarsvæðisins eru helst líkur á að finna framandi tegundir landdýra og plantna en framandi lífverur getur líka verið að finna í sjó [6].

Innan landslagsverndarsvæðisins og í Stóruurð hefur minkur komið sér fyrir og verið veiddur og er tegundin skilgreind framandi og ágeng.

Ekki hefur orðið vart við ágengar plöntutegundir innan landslagsverndarsvæðisins eða náttúruvættisins en mikilvægt er að haft verði eftirlit með mögulegu landnámi þeirra. Óheimilt er að rækta útlendar plöntutegundir innan verndarsvæðisins sbr. 10 gr. friðlýsingar ef undan er skilin garðrækt innan afmarkaðs svæðis á Hrafnabjörgum. Þá skal unnið gegn útbreiðslu lúpínu, skógarkerfils, bjarnarklóar og minks á svæðinu þar sem við á.

Minkaveiðar fara skv. fyrirkomulagi sveitarfélagsins.

Hefðbundinn landbúnaður er stundaður innan landslagsverndarsvæðisins ásamt því sem bæjarhús og sumarhús eru þar innan. Tún- og garðrækt er heimil í samræmi við 10 gr. skilmála friðlýsingarinnar.

Stefna

Almennt skal standa vörð um gróður og vistgerðir innan landslagsverndarsvæðisins og grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðurskemmdir af völdum ágangs með viðeigandi stýringu. Ekki skal vinna gegn náttúrulegri framvindu gróðurs nema í því skyni að standa vörð um náttúrufar og líffræðilega fjölbreytni, t.d. með því að hefta útbreiðslu framandi, ágengra plöntutegunda.

Um veiðar á ágengum dýrategundum fer samkvæmt ákvörðunum sveitarfélagsins.

Árlegar aðgerðir

- *Vakta skal framgang framandi ágengra plantna og stuðla að upprætingu þeirra eftir þörfum.*



Dýralíf

Um 40 fuglategundir verpa á friðlýsta svæðinu, þar á meðal tegundir á válista. Svæðið nær að hluta yfir láglandi Úthéraðs sem skilgreint hefur verið sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Þá eru fýlabyggðirnar í fjöllum utan við Unaós (7.000 þör) nálægt þeim mörkum að teljast alþjóðlega mikilvægar. Við gönguleið í Stapavík er skúmsvarp en skúmur er á lista Náttúrufræðistofnunar yfir tegundir í bráðri hættu [5].

Refir halda til innan svæðisins og hreindýr fara um í hjörðum auk þess sem sést hefur til minks.

Á svæðinu út af Unaósi eru tvö selalátur þar sem fjöldi sela hefur farið vaxandi.

Óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi í samræmi við 10. gr. friðlýsingar.


Stefna

Vernda skal dýralíf innan landslagsverndarsvæðisins, gestir skulu ekki trufla dýralíf að óþörfu. Sérstakrar aðgátar skal gætt á varptíma fugla, í maí og júní.

Stefnt skal að útrýmingu minks á svæðinu.

Árlegar aðgerðir

- *Umhverfisstofnun meti þörf fyrir aukna stýringu umferðar gangandi að Stapavík meðan skúmur kemur upp ungum við gönguleið.*



Vatnshlot

Innan landslagsverndarsvæðisins eru tvö skráð vatnshlot Selfljót (102-149-G) sem á við grunnvatn og Selfljót 1 (102-1083-R) sem á við straumvatn.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Með vistfræðilegu ástandi er átt við tegundasamsetningu og fjölda þeirra lífvera sem eru til staðar í vatnshlotum. Þær lífverur sem eru m.a. notaðar til að meta ástand vatns eru hryggleysingjar, svifþörungur, vatnagróður og fiskar. Breytingar í tegundasamsetningu og fjölda þessara lífveruhópa eru bornir saman við það sem búist er við í vatni sem er við náttúrulegar og ómengaðar aðstæður. Jafnframt skulu öll vatnshlot vera í góðu efnafræðilegu ástandi, en þar er átt við styrk ýmiskonar mengunarefna. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum sínum um mjög gott eða gott vistfræðilegt ástand vegna þess að lífríki þess er utan þeirra viðmiðunarmarka sem sett eru í vatnaáætlun, þá þarf að fara í aðgerðir til að ná betra ástandi. Komi til þess að Selfljót eða Selfljót 1 verði metið í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum, verður farið í vöktun í samræmi við lög um stjórn vatnamála og viðeigandi aðgerðir settar fram í aðgerðaráætlun samkvæmt lögnum. Sú vöktunaráætlun verður þá sett sem viðhengi við stjórnunar- og verndaráætlun þessa.

Stefna

Komi til þess að vatnshlot landslagsverndarsvæðis norðan Dyrfjalla verði metin í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum verður farið í vöktun í samræmi við lög um stjórn vatnamála og viðeigandi aðgerðir settar fram í aðgerðaráætlun samkvæmt lögnum. Sú vöktunaráætlun verður þá sett í viðhengi við stjórnunar- og verndaráætlun.

Menningarminjar

Vernd menningarminja fer samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Árið 1998 var unnin fornleifaskráning fyrir Hjaltastaðáþinghá en sú skráning nær aðeins yfir hlut afriðlýsta svæðisins auk þess að uppfylla ekki gildandi staðla um fornleifaskráningu og sökum aldurs hennar, eru líkur á fleiri fornleifum innan hennar en hún gefur til kynna.

Skráningin gefur þó til kynna að fjöldi minja er innan friðlýsta svæðisins sem taka þarf tillit til.

Ekki liggur fyrir hvort innan svæðisins séu friðuð eða umsagnarskyld hús og mannvirki.

Nánar má kynna sér minjaskráningu í [Fornleifaskráningu í Hjaltastaðáþinghá II](#) unnin af Fornleifastofnun Íslands.

Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar í samræmi við 11. gr. friðlýsingar.

Stefna

Minjastofnun vaktar menningarminjar innan friðlýsta svæðisins í samræmi við lög um menningarminjar. Umhverfisstofnun og Minjastofnun vinni saman að gerð upplýsingaefnis um minjar innan landslagsverndarsvæðisins.



Landbúnaður

Landbúnaður er stundaður innan landslagsverndarsvæðinu. Á jörðunum Unaósi-Heyskálum og Sandbrekku eru útihús ásamt því sem tún hafa verið nýtt. Á Hrafnabjörgum var landbúnaður lagður af 1945.

Upprekstur sauðfjár er innan verndarsvæðisins í samræmi við almennar reglur þar um.

Réttur bænda til nýtingar afréttar til beitar og smölunar helst óbreyttur við friðlýsingu skv. 12 gr. friðlýsingar en lausaganga hrossa er þó óheimil í samræmi við 14 gr. og á það við um úthagabeit.

Stefna

Landnotkun innan svæðisins skal taka mið af sjálfbærni ásamt því að taka tillit til skilmála friðlýsingar og þar með talið markmiða friðlýsingarinnar. Mikilvægt er að landnotkun valdi ekki skaða á ásýnd og landslagi svæðisins og að umgengni sé góð.

Ferðapjónusta og útivist

Ferðapjónusta, sem að mestu leiti snýst um útivist, er stunduð innan verndarsvæðisins. Ferðalangar á ferð um þjóðveginn stoppa gjarnan í styttri tíma á útsýnisstað á Vatnsskarði. Þar er þurrsalernisaðstaða í boði sem er í umsjón sveitarfélagsins.

Gönguleiðir liggja víða um svæðið og bjóða ferðapjónustuaðilar og útivistarfélög upp á ferðir t.d. í Stapavík, í Stóruð og á Dyrfjöll. Þá liggur leið áfram frá Stóruð, úr Urðardal og til Borgarfjarðar.

Stefna

Unnið skal að uppbyggingu innan svæðisins í samráði við ferðapjónustuaðila sem nýta svæðið. Samráði og þróun svæðisins er stýrt af starfsmanni Umhverfisstofnunar fyrir landshlutann. Nýting skal ekki koma niður á náttúrufari innan friðlýsta svæðisins.

Veiðar

Veiðar á grundvelli laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994) eru stundaðar innan verndarsvæðisins. Þar eru veiðar heimilar, með áskildum leyfum, á öllum dýrum nema innan skilgreinds svæðis náttúruvættisins Stóruður. Þó eru veiðar á ref og mink heimilar innan náttúruvættisins Stóruður í samræmi við reglur þar um auk rjúpnaveiða.

Hreindýraveiðar eru háðar leyfisveitingu Umhverfisstofnunar í samræmi við reglugerð nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða og ítrekað er að veiðar á villtum fuglum eru ætíð háðar leyfi landeigenda.

Fiskveiðar eru stundaðar í Selfljóti á grundvelli laga um lax- og silungsveiði (nr. 61/2006). Veiðifélag Selfljóts fer með málefni veiða í fljótinu ásamt því að sjá um sölu veiðileyfa.


Selveiðar fara eftir almennum reglum á landsvísu en um veiðarnar gildir reglugerð um bann við selveiðum (nr. 1100/2019).

Stefna

Veiðar skulu vera sjálfbærar og vera stundaðar með leyfi landeigenda og eftir atvikum viðeigandi aðilum og í sátt við aðra gesti svæðisins.

Takmarkanir á skotveiðum í Stóruður eru til verndar upplifunar og öryggis gesta en rjúpnaveiðar eru þar heimilar að fengnu leyfi hjá landeigendum.

Veiðimenn gæti þess í hvívetna að skilja ekki eftir sig úrgang á svæðinu, hvorki skothylki, línur eða annað það sem falla kann til við veiðar.



Landvarsla og fræðsla

Svæðissérfræðingur Umhverfisstofnunar á Austurlandi hefur yfirumsjón og eftirlit með landslagsvændarsvæðinu norðan Dyrfjalla.

Störf landvarða eru skilgreind í 80. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 190/2019. Sumarlandvarsla hefur verið innan landslagsverndarsvæðisins og Stóruður. Meðal helstu verkefna landvarða er að framfylgja ákvæðum friðlýsingar, veita fræðslu um náttúru og umhverfi, viðhalda gönguleiðum og meta ástand náttúrufars og innviða. Landverðir taka í sumum tilfellum á mótum hópum, t.d. skólahópum í fræðslugöngur.

Stefna

Efla þarf landvörslu á svæðinu en Umhverfisstofnun telur að ein áhrifaríkasta leiðin til að vinna að náttúruvernd og auka öryggi og jákvæða upplifun gesta sé fólgin í landvörslu.

Stefnt er að því að auka sýnileika landvarða á svæðinu og auka fræðslu með því að bjóða upp á skipulagðar fræðslugöngur. Með því að gera landverði sýnilega aukum við náttúruvitund gesta sem ýtir undir virðingu og góða umgengni á svæðinu.

Könnuð verði þörf á að koma upp aðstöðu fyrir landverði og samhliða því upplýsingaaðstöðu, gestastofu eða fræðslusetri.

Leitast verður eftir samstarfi við skóla í sveitarfélaginu vegna mögulegra skólaheimsóknna með náttúrutúlkun að markmiði.



Sjálfoðaliðar í náttúruvernd

Árlega gefst færi á að fá sjálfoðaliða frá sjálfoðaliðastarfi Umhverfisstofnunar, Iceland Conservation Volunteers, til starfa á friðlýstum svæðum. Markmiðið er að starfið nýtist náttúrulegu umhverfi og almenningi, líkt og störf björgunarsveita, Rauðakrossins og skáta, en vinni ekki að efnahagslegum hagsmunum einstaklinga eða fyrirtækja. Sjálfoðaliðar sinna oft verkefnum sem annars yrðu ekki unnin.

Europarc Federation hefur látið útbúa viðmiðunarreglur um gæðastjórnun sjálfoðaliðastarfs á friðlýstum svæðum í Evrópu og er skilgreining sjálfoðaliðastarfs hjá Umhverfisstofnun í samræmi við þær reglur.

Helstu verkefni sjálfoðaliða á landslagsverndarsvæðinu norðan Dyrfjalla og í náttúruvættinu Stóruð er viðhald á náttúrustígum, uppræting framandi gróðurtegunda og endurheimt gróðurs og vistgerða.

Stefna

Skilgreind verði, eftir þörfum, verkefni fyrir sjálfoðaliða sem taka þátt í verndun svæðisins.

Stefnt skal að auknu samstarfi um verndun svæðisins með þeim sem njóta og nýta náttúru þess og bjóða þeim sem áhuga hafa á að taka þátt í verndaraðgerðum á svæðinu.

Árlegar aðgerðir

- Skipulögð verði verkefni sjálfoðaliða eftir þörfum.



Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun

Verkefni sem stunduð eru í atvinnuskyni, hvort sem er kvikmyndatökur, ljósmyndaverkefni eða aðrir viðburðir sem beina fólksfjölda inn á svæðið eða kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja skal sækja um til Umhverfisstofnunar.

Ljósmynda- og kvikmyndaverkefni þar sem myndatökumaður með lágmarks útbúnað á ferð við náttúruljósmyndun krefjast almennt ekki leyfis en hvatt er til að leita upplýsinga hjá Umhverfisstofnun varðandi leyfisskyldu.

Við veitingu leyfis metur Umhverfisstofnun möguleg áhrif verkefnisins á verndargildi svæðisins (landslag, jarðminjar, gróður og dýralíf) auk þess að meta hvort verkefni hafi mikil- eða langvarandi áhrif á gesti svæðisins.

Nánari upplýsingar um leyfi til kvikmynda- og ljósmyndaverkefna er að finna á [heimasíðu Umhverfisstofnunar](#).

Stefna

Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndaverkefni skulu ekki valda skemmdum á gróðri, jarðmyndunum eða innviðum svæðisins. Sérstaklega þarf að hlífa gróðri í Stóruð þar sem vaxtatími gróðurs er skammur og þol hans lítið við ágangi.



Mönnuð og fjarstýrð loftför

Samgöngustofa fer með stjórnslu og eftirlit vegna flugs á Íslandi. Almenn um flug og landingar flugvéla, þyrlna og fisa fer skv. almennum lögum og reglum þar um.

Um flug ómannaðra loftfara gilda almennar reglur fyrir utan náttúruvættið Stóruð.

Til verndar kyrrðarupplifunar og varpi fugla er notkun fjarstýrðra loftfara óheimil innan náttúruvættisins Stóruðar nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Við veitingu leyfis er tekið tillit til kyrrðarupplifunar gesta og varptíma fugla.

Viðbraðgsaðilum er heimil notkun fjarstýrðra loftfara innan stóruðar í neyðartilfellum við leit og björgun.

Við leit og smölun búfjár er heimilt að notast við fjarstýrð loftför enda fer slíkt fram á haustin utan varptíma fugla og háannar ferðaþjónustu.

Stefna

Staðsetja og skrásetja, í samstarfi við viðbragðsaðila, landingarstaði björgunarþyrlna.



Uppbygging innviða

Samkvæmt 12. gr. friðlýsingar eru allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan verndarsvæðisins háðar leyfi Umhverfisstofnunar og annarra yfirvalda eftir því sem við á.

Almennt viðhald húsnæðis, endurbætur og endurbygging í óbreyttri mynd er heimil innan landslagsverndarsvæðisins en viðbyggingar og uppbygging er háð leyfi í samræmi við 12. gr. friðlýsingar.

Vegagerðinni er heimilt að viðhalda vegum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis, þá er heimilt að viðhalda göngubrúum sem þegar eru í notkun án leyfis Umhverfisstofnunar.

Ábúendum á Unaósi-Heyskálum er heimilt að stunda landbúnað á jörðinni auk þess að fara í nýrækt á túnum að viðhöfðu samráði við Umhverfisstofnun og eftir atvikum aðrar stofnanir um staðsetningu slíkrar nýræktar.

Við veitingu leyfis Umhverfisstofnunar til mannvirkjagerðar er tekið tillit til áhrifa framkvæmda á verndargildi svæðisins (landslag, ásýnd, jarðminjar, gróður og dýralíf) auk þess að meta áhrif framkvæmdar á gesti svæðisins. Jafnframt er tekið tillit til markmiða friðlýsingar.

Meðal markmiða er að búa að náttúruupplifun fyrir ferðamenn og kappkostað að innviðir geri sem flestum fært að njóta svæðisins án þess að skerða upplifun annarra hópa.

Leyfi þarf vegna viðbygginga og nýframkvæmda innan svæðisins. Framkvæmdaraðila ber að fullvissa sig um að hafa öll tilskilin leyfi við upphaf framkvæmda.

Stefna

Innviðir og mannvirki skulu falla vel að svipmóti lands, á það við útlit, efnis- og litaval. Heimilt er að endurbyggja- og/eða viðhalda húsnæði án þess að breyta ásýnd en á slíkt við að notast er við upprunalega útlitsteikningu.

Öryggismál

Löggæsla og almannavarnir á svæðinu eru í höndum lögreglu og lögreglustjórans á Austurlandi en lögreglustjórinn hefur yfirumsjón með leit og björgun innan friðlýsta svæðisins ásamt því að sinna almennri löggæslu. Björgunarsveitin Sveinungi á Borgarfirði og Björgunarsveitin Hérað eru meðal viðbragðsaðila sem koma að leit og björgun í óbyggðum.

Almennar upplýsingar um öryggi gönguleiða er að finna á skiltum auk þess sem landverðir sinna upplýsingagjöf og vinna að forvörnum á svæðinu í samræmi við fjárveitingar til landvörslu. Notkun ómannaðra loftfara er heimil í Stóruð, sem og annarsstaðar innan svæðisins, vegna leitar- og björgunarstarfa.

Vegna fjarlægðar svæðisins frá miðstöð björgunarþyrlna á Íslandi getur biðtími eftir björgun orðið mjög langur. Mikið getur því unnist í þágu öryggis gesta ef sérstaklega er hugað að aðgengi viðbragðsaðila á landi.

Umhverfisstofnun hefur unnið öryggisáætlun fyrir friðlýst svæði og mun vinna öryggismat fyrir helstu áfangastaði og gönguleiðir á friðlýsta svæðinu.

Stefna

Kappkostað er að vinna með viðbragðsaðilum að því að greiða aðgengi fyrir leit og björgun á landi innan svæðisins. Þannig er hægt að lágmarka að leitar og björgunarstörf hafi neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Flest útköll viðbragðsaðila á svæðið hafa verið vegna óhappa í- og við Stóruð.

Árlegar aðgerðir

Öryggisáætlun friðlýstra svæða skal staðfærð, yfirfarin og uppfærð eftir þörfum.

Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Þjóðgarða og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Hvorki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið né náttúruvættið en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun.

Stefna

Leitast skal við að koma á talningu gesta að Stapavík og í Stóruð til þess að meta aðsókn að svæðunum og áhrif aðsóknar á náttúrufar.



Heimildaskrá

1. Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. [Válisti fugla](#).
2. Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. [Válisti spendýra](#).
3. Náttúrufræðistofnun Íslands, 2. útg.: des 2018. [Vistgerðir land](#).
Sjá nánari upplýsingar á [vistgerðakorti](#) Náttúrufræðistofnunar.
4. Vegagerðin 2023. Útgáfudagur 9. október. [Vegaskrá](#).
5. Náttúrufræðistofnun Íslands 2019. Mat á verndargildi: Trausti Baldursson 23.9.2019.
6. Umhverfisráðuneytið 2011. Náttúruvernd; Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands. Bls. 277.



3.

Sérreglur

Þessi sérreglur eru settar til að tryggja gæður og samræmi í vinnuferlinum.

1. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn og vinnuferlinn.

2. **Skilgreining** - Sérreglur eru skilgreindar sem...

Þessi sérreglur eru settar til að tryggja gæður og samræmi í vinnuferlinum.

1. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn og vinnuferlinn.

2. **Skilgreining** - Sérreglur eru skilgreindar sem...

3. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn og vinnuferlinn.

4. **Skilgreining** - Sérreglur eru skilgreindar sem...

5. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn og vinnuferlinn.

6. **Skilgreining** - Sérreglur eru skilgreindar sem...


7. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn og vinnuferlinn.

8. **Skilgreining** - Sérreglur eru skilgreindar sem...

Sérreglur

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á friðlýsta svæðinu sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

- 1. Landverði eða umsjónaraðila svæðisins er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við landeigendur, sveitarfélag og eftir atvikum aðra hagsmunaaðila.***







UMHVERFIS
STOFNUN





UMHVERFIS
STOFNUN